

# STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1995

21. ágúst 1995

1157

Nr. 455

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 367/1995 um úthlutun á tollkvótum.**

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á sveppum (0709.5100) til 1. september n.k., breytast þannig að verðtollur verður 7,5% í stað 15% og magntollur 100 kr/kg í stað 200 kr/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1995.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*